



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 170

Skafti Guðjónsson

(1902-1971)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 170

Skafti Guðjónsson

Skafti Guðjónsson var fæddur 17. júlí 1902 í Laxárholti í Hraunhreppi á Mýrum og lést 22. mars 1971. Hann var sonur hjónanna Guðjóns Jónssonar og Steinvarar Guðmundsdóttur. Fjölskyldan flutti vorið 1915 til Reykjavíkur. Skafti lauk bókbandsnámi 1923. Árið 1942 réðst hann til bókbandsvinnustofu Landsbókasafns Íslands og starfaði þar samfleytt til ársins 1969. Skafti var einnig áhugaljósmyndari. Eftir hann liggur mikið safn ljósmynda, einkum fréttamyndir og þjóðlífsmyndir.

Hann bjó lengst af á Barónsstíg 57. (Heimild: Á tímum friðar og ófriðar 1924-1945. Heimildaljósmyndir Skafta Guðjónssonar. Textahöfundur Guðjón Friðriksson. Reykjavík 1983).

Guðjón Friðriksson, bróðursonur Skafta, afhenti Borgarskjalasafni eftirfarandi 25. og 29. júlí 2002.

Skjalaskrá

Askja 1

Albúm með ljósmyndum úr dagblöðum af þjóðkunnum mönnum á fyrri og miðhluta 20. aldar ásamt rithandarsýnishornum; laus albúmsblöð með ljósmyndum. Myndirnar eru flokkaðar í albúmin eftir starfsgrein. Ljósmynd af indíánahöfðingja, Johnny Big Tree.

Askja 2

Albúm með ljósmyndum úr dagblöðum af þjóðkunnum mönnum á fyrri og miðhluta 20. aldar ásamt rithandarsýnishornum.

Askja 3

Albúm með ljósmyndum úr dagblöðum af þjóðkunnum mönnum á fyrri og miðhluta 20. aldar ásamt rithandarsýnishornum.
Reikningar, vottorð, skírteini og fleira sem geyma undirskriftir þjóðkunnra manna.

Askja 4

Eiginhandaráritanir þjóðkunnra manna á bókasafnsspöldum, sum hver í pappaðskjum.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir